

Staðfesting óháðs endurskoðanda

Til stjórnenda og hagsmunaaðila Stefnis hf.

Við vorum ráðin af Stefni til að veita ályktun með takmarkaðri vissu á ófjárhagslegri upplýsingagjöf sem sett er fram eftir UFS viðmiðum Nasdaq í Sjálfbærniskýrslu Stefnis fyrir árið 2025.

Umfang

Ófjárhagslegar upplýsingar settar fram í töflu yfir umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti með vísun í UFS leiðbeiningar Nasdaq í Sjálfbærniskýrslu Stefnis fyrir árið 2025.

Niðurstaða okkar er sett fram með ályktun með takmarkaðri vissu.

Ábyrgð stjórnenda

Stjórnendur Stefnis eru ábyrgir fyrir söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinganna sem settar eru fram í skýrslunni, og að tryggja að upplýsingarnar séu án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Óhæði og gæðaeftirlit

Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og önnur ákvæði siðareglna í samræmi við alþjóðlegar siðareglur (IESBA Code), sem byggðar eru á grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni, trúnað og faglega hegðun.

Deloitte ehf. lýtur alþjóðlegum staðli um gæðakerfi (e. International Standard on Quality Management (ISQM) 1 og hefur í samræmi við það innleitt umfangsmikið gæðaeftirlitskerfi, þar á meðal skráðar stefnur og verkferla varðandi fylgni við óhæðis- og siðakröfur faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglna.

Ábyrgð óháðs endurskoðanda

Ábyrgð okkar er að láta í ljós ályktun með takmarkaðri vissu á ófjárhagslegum upplýsingum sem settar eru fram í Sjálfbærniskýrslu Stefnis. Við höfum framkvæmt vinnu okkar í samræmi við staðalinn ISAE 3000 (Revised), Assurance Engagements Other than Audits or Reviews of Historical Financial Information, til að afla okkur takmarkaðrar vissu um ályktu okkar. Í samræmi við staðalinn höfum við skipulagt og framkvæmt vinnu okkar til að afla takmarkaðrar vissu á því að ófjárhagslegar upplýsingar séu án verulegrar skekkju.

Staðfestingarverkefni með ályktun með takmarkaðri vissu (e. limited assurance) er minna að umfangi en staðfestingarverkefni með nægilegri vissu (e. reasonable assurance). Af því leiðir að staðfesting sem fæst er minni en væri í verkefni með nægilegri vissu. Með hliðsjón af mati á verulegum skekkjum, skipulögðum við og framkvæmdum vinnu okkar til að afla allra upplýsinga og skýringa sem nauðsynlegar eru til að styðja við ályktun okkar.

Við framkvæmdum skoðanir á gögnum, endurreikning gagna, yfirferð á aðferðum sem notaðar eru til að útbúa upplýsingarnar, sem og tókum viðtöl við þá aðila sem eru ábyrgir fyrir því að útbúa gögnin. Við tókum viðtöl við lykilaðila innan Stefnis, beittum fyrirspurnum varðandi verklag og aðferð við að tryggja að ófjárhagslegar upplýsingar séu settar fram í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq. Við framkvæmdum gagnagreiningaraðgerðir og röktum upplýsingarnar sem greint er frá í undirliggjandi gögn.

Ályktun

Byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeim gögnum sem við höfum aflað, hefur ekkert komið í ljós sem bendir til nokkurs annars en að ófjárhagsleg upplýsingagjöf Stefnis í Sjálfbærniskýrslu fyrir árið 2025 sé að öllu verulegu leyti í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq og að texti í Sjálfbærniskýrslu Stefnis sé settur fram í samræmi við mælikvarða sem greint er frá.

Kópavogi, 25. febrúar 2026

Deloitte ehf.



Steina Dröfn Snorradóttir

Endurskoðandi